

## Gæti orðið eitt af kraftmestu atvinnusvæðum við norðanvert Atlantshaf ef rétt er á málum haldið

# Austurland er samkeppnishæft

Telja Austurland eiga vaxtarmöguleika Guðmundur Bjarnason, Víglundur Þorsteinsson, Jafet Ólafsson, Jón Karl Ólafsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru meðal ræðumanna. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

AUSTURLAND er samkeppnishæft og mýmörg tækifæri fyrir samfélagið fyrir austan að verða hugsanlega eitt af kraftmestu atvinnusvæðum við norðanvert Atlantshaf," segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair og formaður stjórnar Verslunarráðs Íslands.

Verslunarráð stóð í gær fyrir ráðstefnu á Reyðarfirði undir yfirskriftinni "Austurland: Vaxtarsvæði framtíðarinnar?" Jón Karl segir tækifærin vera gríðarlega mörg en verkefnið einnig mikil. "Eitt af því sem einkennir vaxandi samfélög er fjölbreytt atvinnulíf, þar sem íbúum gefst tækifæri til að byggja upp mismunandi þekkingu og fjölbreytni í vinnu. Því hefur verið haldið fram að það sem ráði mestu um byggðaþróun landa séu góðar samgöngur, menntun og fjölbreytni í atvinnulífi." Jón Karl segir að til að ná árangri þurfi Austfirðingar á endurnýjun og ungu fólki að halda. Efla þurfi menntun á svæðinu og gera fjölskyldum kleift að búa þar. Þar skipti ekki aðeins heilsugæsla og góðir skólar máli heldur einnig þekking, þjónusta og menningarstarf.

Verslunarráð Íslands hyggst verða við beiðnum frá Austurlandi og Norðurlandi um starfsemi í þessum landsfjórðungum, þannig að atvinnulífið þar hafi aðgang að upplýsinga- og ráðgjöf og innlendu og erlendu tengslaneti ráðsins.

### Stórhættuleg viðhorf

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, sagði við setningu ráðstefnunnar í gær að miklu skipti að vel tækist til. "Það er afar mikilvægt að hér byggist upp öflug þjónusta sem þjóna mun álverinu í framtíðinni og annarri starfsemi," sagði Guðmundur. "Einnig er nauðsynlegt að ríkisvaldið komi hér af myndarskap að uppbyggingu opinberrar þjónustu, sem og annarra framkvæmda. Því miður hefur borið við að hér sé framkvæmdum slegið á frest vegna þess að hér sé svo mikið að gera og mikið umleikis og opinberu fjármagni því beint annað. Það er stórhættulegt viðhorf. Sú mikla uppbygging sem hér á sér stað kallar á aðrar framkvæmdir sem bráðnauðsynlegt er að verði samhliða og ekki dregnar á langinn." Guðmundur sagði höfuðáherslu í samgöngumálum eiga að felast í að tengja byggðirnar á Mið-Austurlandi betur saman þannig að fjármagn, fasteignir og mannauður sem í þessum byggðum lægju nýttust.

### Auka þarf menntunarstig



Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, segir leiðarljós Austfirðinga á uppbyggingartímum geta verið hin sömu og Háskólans; nýsköpun í atvinnulífi, tækniþróun, samstarf og alþjóðasamskipti. Hún segir ekki vafa á því að byggja eigi upp háskóla á Austurlandi, ekki endilega hefðbundinn, heldur skóla sem byggist á því besta sem gerist á Íslandi og erlendis. Nýta megi tæknina, laða að vísinda- og fræðimenn og skapa samfélag sem bæði byggji upp og nærri þekkingu.

Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár, sagðist sjá fyrir sér að með djarfri og stórhuga stefnumótun yrðu íbúar á Austurlandi á bilinu 30-40 þúsund talsins árið 2030 og Fjarðabyggð þá orðin Fjarðaborg. Hann sagðist telja að vöruflutningar eystra myndu sjöfaldast á komandi árum, tvöföldun yrði á skipakomum og Fjarðabyggð væri að verða stærsta hafnasamlag í landinu. Leyst yrðu úr læðingi margfeldisáhrif þriggja stóriðjufyrirtækja, Fjarðaáls, Síldarvinnslunnar og Eskju og með því skapast mikil sóknartækifæri.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, deildi framtíðarsýn Víglundar og sagðist ekki sjá neina hættu á offjárfestingum né ofþenslu í uppsiglingu. Þvert á móti ætti fjórðungurinn alla möguleika til að skapa fjölbreytt atvinnulíf með mörgum stórum atvinnurekendum og fjölbreyttum tækifærum.

Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf., sagði mjög sláandi að ekkert hlutafélag á Austurlandi væri skráð í Kauphöll Íslands. Áður voru Jökull, Tangi, Síldarvinnslan, Eskja, Loðnuvinnslan, Búlandstindur og Borgey á markaði. "Það vantar fleiri fjárfestingartækifæri fyrir austan, en þær miklu framkvæmdir sem hér eru munu skapa ný fyrirtæki, ný þjónustustörf og tækifæri til fjárfestinga."

Um 60 manns sóttu ráðstefnuna á Reyðarfirði og var Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs, fundarstjóri.

### **Fjölgar um 3.000 manns**

Miklar breytingar hafa orðið á Mið-Austurlandi síðan ákveðið var að reisa álver á Reyðarfirði. Fólksfjölgun er töluverð og reiknað með að hún verði allt að 3.000 manns á næstu misserum. Fasteignaverð hefur margfaldast og fasteignamat í Fjarðabyggð hefur hækkað um 100% á tveimur árum.

Heildarframkvæmdakostnaður tveggja stærstu sveitarfélaganna á Austurlandi, Fljótaldshéraðs og Fjarðabyggðar, mun á árunum 2003 til 2007 nema um 5,4 milljörðum króna. Langstærsta einstaka verkefnið er bygging hafnar fyrir álverið og kostar hún um þúsund milljónir.

Skipulagðar hafa verið 960 byggingarlóðir í sveitarfélögunum tveimur og 110 íbúðir þegar verið tekur í notkun. 244 íbúðir eru í byggingu. Á framkvæmdatímabilinu er gert ráð fyrir um 7.400 ársverkum við uppbygginguna, flest við Kárahnjúkavirkjun og línulagnir, eða um 3.800 og 2.300 við álver og álvershöfn.

Á Mið-Austurlandi er tímabundinn vinnuafllsskortur sem leiðir til launaskriðs, gríðarlegt rask skapast á svæðinu og miklar samfélagbreytingar eiga sér stað. Jaðarbyggðir munu líklega eiga í vök að verjast vegna uppbyggingarinnar á Mið-Austurlandi.

Framtíðarmöguleikar Austurlands felast auk stóriðjunnar m.a. í öflugum sjávarútvegsfyrirtækjum og menntastofnunum, fiskeldi sem lofar góðu, ferðamennsku og millilandaflugi, ört vaxandi hafnarstarfsemi og siglingum frá Evrópu um norðurhvel

til Asíu, en hin nýja Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði gæti orðið sú höfn sem þjónaði slíkum siglingum.